



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1455
komudagur 8.2.2013

Reykjavík, 08.02.2013
Tilv. 90.13
JS/mþ

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um náttúrvernd, 429. mál, 141. löggj. þing 2012-2013

Vísað er í erindi Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 17. janúar 2013 varðandi ofangreint frumvarp til laga.

Hafrannsóknastofnunin telur fyrirbyggjandi í flestu skýrt, en vekur athygli á því sem segir í athugasemdum um 4. grein laganna sem fjallar um gildissvið þeirra. Þar segir að samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 100/2012, að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fari „með mál er varða rannsóknir, stjórn á nýtingu og eftirlit með verndun og nýtingu fiskistofna og annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins, sem og stjórnun svæða þar sem þær eru nýtanlegar, og eftirlit með þessu“ en undir umhverfis- og auðlindaráðuneyti „heyri vernd líffræðilegrar fjölbreytni, erfðaauðlinda og vistkerfa, þ.m.t. vistkerfa í hafi, og ákvörðun um verndarsvæði í hafi til varðveislu náttúruminja eða sérstakra vistkerfa á hafsbotni“. Ljóst er því að veruleg skörun er varðandi málefni tengd lífríki hafsins milli þessara tveggja ráðuneyta og því mikilvægt, eins og lögin gera ráð fyrir, að um þau verði fjallað í víðtæku samstarfi ráðuneyta og stofnana sem þeim tengjast.

Svo samstarfið takist sem best er e.t.v. ástæða til að skilgreina sérstaklega hvað í verndun svæða og tegunda felst og hvað í friðun felst. Í hefðbundnum skilningi felst náttúruvernd og vernd fiskistofna í sjálfbærri nýtingu náttúrugæðanna. Með friðun svæða og tegunda er átt við að með aðgerðum er komið í veg fyrir röskun svæða eða skaðlegum áhrifum á lífverur.

F. h. Hafrannsóknastofnunar,

Jóhann Sigurjónsson